

18. febrúar 2022



Framhald sölu á hlutabréfum ríkisins í Íslandsbanka

FJÁRLAGANEFND

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið



1

Frumskráning Íslandsbanka á markað og næstu skref

Markmiðum stjórnvalda um að draga úr áhættu ríkisins af eignarhaldi í fjármálageiranum, dreift og fjölbreytt eignarhald á Íslandsbanka og stuðning við þátttöku almennings náð.

2

Áform og markmið stjórnvalda sambærileg og síðast

Draga úr lánsfjárbörf ríkissjóðs og auka getu til samfélagslegra fjárfestinga.

3

Helstu atriði sölumeðferðar

Sveigjanleiki hvað varðar tíma og aðferðafræði til að hámarka söluandvirði til ríkisins.





Frumskráning Íslandsbanka á markað

Þann 22. júní sl. fór fram frumútboð á 35% hlut og töku hluta í bankanum til viðskipta á aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Tæplega 24.000 hluthafar og söluandvirði um 55,3 ma.kr., eða markaðsvirði alls hlutafjár um 158 ma.kr.


Stærsta frumútboð og næst stærsta almenna útboð á hlutabréfum á Íslandi.

31. janúar sl. var markaðsvirði hlutafjár í bankanum um 246,4 ma.kr. og markaðsvirði 65% eignarhlutar ríkisins í honum þar með 160,2 ma.kr.

Fram kom í greinargerð ráðherra til þingsins varðandi sölumeðferðina að innan vissra tímamarka yrði stefnt að framhaldi á sölu þannig að meiri hluti og jafnvel allur hlutur ríkisins yrði seldur.



Útboðsvirði Íslandsbanka í réttu hlutfalli við virði sambærilegra skráðra banka m.v. arðsemi og hlutafjármargfaldara (heimild: Bankasýsla ríkisins)





Framhald sölumeðferðar

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur fallist á tillögu Bankasýslu ríkisins um að stofnunin „fái heimild til að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum og að höfðu samráði við ráðherra um skiptingu þeirra og tímasetningar. Heimild þessi gildi í tvö ár eða til og með 31. desember 2023“.

Tillagan felur í sér að stofnunin hefji undirbúning hið fyrsta að framhaldi á sölumeðferð á eftirstandandi 65% eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka innan næstu tveggja ára, háð því að markaðsaðstæður séu hagfelldar.

1 Frumskráning Íslandsbanka á markað og næstu skref

Markmiðum stjórnvalda um að draga úr áhættu ríkisins af eignarhaldi í fjármálageiranum, dreift og fjölbreytt eignarhald á Íslandsbanka og stuðning við þátttöku almennings náð.

2 Áform og markmið stjórnvalda sambærileg og síðast

Draga úr lánsfjárbörf ríkissjóðs og auka getu til samfélagslegra fjárfestinga.

3 Helstu atriði sölumeðferðar

Sveigjanleiki hvað varðar tíma og aðferðafræði til að hámarka söluandvirði til ríkisins.



Opinber áform stjórnvalda

Stjórnarsáttmáli: „Ríkissjóður mun halda áfram að draga úr eignarhaldi í fjármálakerfinu og nýta ábatann til uppbyggingar innviða.“

Eigandastefna: „Stefnt er að því að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka þegar hagfeld og æskileg skilyrði eru fyrir hendi.“

Fjárlög 2022: „Að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka“



Markmið stjórnvalda

- að minnka áhættu ríkisins af svo stórum eignarhlut í fjármálakerfinu;
- að efla virka samkeppni á fjármálamarkaði;
- að hámarka endurheimtur ríkissjóðs af eignarhaldinu og sölu á hlutum;
- að stuðla að fjölbreyttu, heilbrigðu og dreifðu eignarhaldi til lengri tíma;
- að auka fjárfestingarmöguleika fyrir innlenda einstaklinga og fagfjárfesta; og ekki síst
- að minnka skuldsetningu eða auka svigrúm ríkisins til samfélagslega arðbærra fjárfestinga.

1 Frumskráning Íslandsbanka á markað og næstu skref

Markmiðum stjórnvalda um að draga úr áhættu ríkisins af eignarhaldi í fjármálageiranum, dreift og fjölbreytt eignarhald á Íslandsbanka og stuðning við þátttöku almennings náð.

2 Áform og markmið stjórnvalda sambærileg og síðast

Draga úr lánsfjárbörf ríkissjóðs og auka getu til samfélagslegra fjárfestinga.

3 Helstu atriði sölumeðferðar

Sveigjanleiki hvað varðar tíma og aðferðafræði til að hámarka söluandvirði til ríkisins.



Helstu atriði sölumeðferðar

Stefnt er að því að selja hlutina helst með blöndu af tilboðsfyrirkomulagi og miðlunaráætlun.

Nákvæm skipting, söluaðferð og tímasetning sölu verður háð aðstæðum hverju sinni, en þó er stefnt að því að fyrsti áfangi þessarar sölumeðferðar fari fram með tilboðsfyrirkomulagi.

Horft verður til þess að við síðari áfanga fari fram sala með markaðssettu útboði þar sem almenningur á kost á þátttöku ásamt hæfum fjárfestum, en það mun m.a. ráðast af því hvernig til hefur tekist við framkvæmd tilboðsfyrirkomulags og e.a. sölu með miðlunaráætlun svo sem lýst er að framan.



Ákjósanlegar aðstæður og mikilvægur liður í fjármögnun ríkisins

Efnahagsaðstæður hafa batnað frá því í lok árs 2020. Hagvöxtur 2021 var meiri en áður var talið, bæði erlendis og á Íslandi. Horfur eru á áframhaldandi bata 2022.

Efnahagsbatinn hefur einnig haft jákvæð áhrif á stöðu fjármálafyrirtækja, þ.m.t. lækkandi vanskil útlána og hækkandi arðsemi þeirra.

Þrátt fyrir að efnahagsbatinn hafi einnig haft jákvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs en horfur voru á, er engu að síður útlit fyrir talsverðan hallarekstur á næstu árum.

Því er mikilvægt að viðhalda sveigjanleika í möguleikum ríkissjóðs til fjármögnunar og er framhald sölu á eignarhlut í Íslandsbanka liður í því.